

**2009**

**Ársskýrsla  
Lögreglustjórans á  
Vestfjörðum**



# Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	3
<b>2. SKIPURIT</b> .....	4
<b>3. EMBÆTTIÐ</b> .....	5
3.1 Stefnunótun og áherslur árið 2009.....	5
3.2 Starfsmannahald og endurmenntun.....	6
3.3 Tækja- og búnaðarmál.....	7
3.4 Önnur mál.....	7
<b>4. ALMENN DEILD</b> .....	8
4.1 Almannaþingarnir.....	8
4.2 Umferðarmál.....	9
4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæði og forvarnir.....	9
4.4 Samstarf.....	9
4.5 Fangageymslur.....	9
4.6 Önnur verkefni lögreglu.....	10
<b>5. RANNSÓKN BROTA</b> .....	11
5.1 Auðgunarbrot.....	11
5.2 Fíkniefnabrot.....	11
5.3 Ofbeldisbrot.....	11
5.4 Fjármunabrot.....	11
5.5 Sérrefsilagabrot, slysa –og brunarannsóknir.....	11
5.6 Sáttamiðlun í opinberum málum.....	11
5.7 Aðrar rannsóknir.....	12
<b>6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR</b> .....	13
6.1 Ákærur, málshraði og meðferð sakamála.....	13
6.2 Sektargerðir.....	14
<b>7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2006-2009</b> .....	15
7.1 Umferðarlagabrot.....	15
7.2 Fjöldi umferðarslysa.....	15
7.3 Fíkniefnabrot.....	16
7.4 Haldlögð fíkniefni.....	16
7.5 Önnur brot.....	17
<b>8. SÉRSTÖK VERKEFNI- FORVARNIR OG FRÆÐSLA</b> .....	19
8.1 Umferðarfræðsla.....	19
8.2 Fíkniefnaforvarnir.....	19
8.3 Aðrar forvarnir.....	19
8.4 Fíkniefnaleitarhundur.....	19
<b>9. REKSTUR</b> .....	20

## 1. INNGANGUR

Þriðja ársskýrsla lögreglustjórans á Vestfjörðum er birt með rafrænum hætti og verður aðgengileg með fyrri ársskýrslum embættis sýslumannsins á Ísafirði og lögreglustjórans á Vestfjörðum á [www.logreglan.is](http://www.logreglan.is). Ársskýrsla sýslumannsins á Ísafirði sem snýr að umboðsstörfum embættisins verður með hefðbundnu sniði en hún verður vistuð á [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

Þegar þessi skýrsla er rituð, hefur lögreglustjórinn á Vestfjörðum skilað ársáætlun embættisins vegna ársins 2010. Vert er að geta að þar kemur fram að við gerð langtímaáætlunar embættisins í löggæslu sem gilda á fyrir árin 2008-2011 var ekki fyrir séð sú efnahagskreppa sem hófst á Íslandi í september 2008 og ekki er ljóst hvenær lýkur. Miklar breytingar urðu á störfum lögreglu á árinu 2009 og hefur embættið þurft að endurskoða áherslur þess, hvað varðar reksturinn í heild og hvernig löggæslu skuli háttað á komandi árum m.t.t. þess niðurskurðar sem löggæslan hefur þurft að bera. Í ársáætlun 2009 voru sett fram markmið sem byggðu á fyrirsjáanlegum niðurskurði og áherslubreytingu í löggæslunni. Tókst embættinu að ná fram flestum þeim markmiðum sem þar voru sett fram, en ófyrirséður viðbótar niðurskurður setti strik í reikninginn og þá verður ekki horft fram hjá því að enn frekari niðurskurður var settur á lögregluna fyrir fjárlagaárið 2010. Síðar í þessari skýrslu verður nánar gerð grein fyrir hvaða markmiðum var náð, hverjum var ekki náð og hvaða skýringar liggja þar að baki.

Löggæsla er grunnþjónusta sem hvert samfélag verður að hafa til að tryggja öryggi og vellíðan íbúa og að dagleg verkefni séu unnin. Án viðunandi löggæslu verður samfélagið óvirkt og uppbygging og framfarir gerast seint og illa. Stjórnvöld þurfa að tryggja að fjárframlög til lögreglunnar endurspegli þá þörf sem er til staðar á hverjum tíma, en niðurskurður vegna ársins 2010 gerir embættum erfitt um vik og má ekkert út af bera í rekstri þessa embættis, eigi að ná endum saman. Þess verður að geta að í september s.l. losnaði staða lögreglumanns við embættið og var þá sú ákvörðun tekin að ekki yrði ráðið í þá stöðu, heldur tímabundið lögð niður staða forvarnar- og fræðslufulltrúa og hann fluttur til í það starf sem losnaði. Þetta gerði það að verkum að ekki þurfti að koma til uppsagna starfsmanna, en eftir stendur að embættið hefur ekki fjármagn til að fylla allar stöður.


Lögreglustjóri telur miklar líkur á að frekari breytinga sé að vænta á sviði löggæslunnar og því sé hvorki forsenda til að byrja á löggæsluverkefnum sem eru fjárfrek og rúmast ekki innan fjárlaga ársins 2010 né að gera langtímaáætlanir, fyrr en ljóst er hver framtíðarsýn stjórnvalda er í málefnum lögreglu og sýslumanna. Hér er m.a. vísað til þeirra hugmynda er fram hafa komið um eflingu lögreglu- og sýslumannsembætta á grundvelli sameininga, þ.a. færri stjórnunareiningar standi eftir, sem eiga að vera betur í stakk búnað að standa einar og jafnvel hafa sérverkefni. Það er von undirritaðrar að verði farið í svo stórtækar breytingar, verði vandað til verka, gætt verði að því að slíkum nýjum stjórnunareiningum verði ekki settar lagalegar hömlur í rekstrinum, t.a.m. verði það ákvörðun og á ábyrgð þeirra stjórnenda að ákveða hvar útibú/skrifstofur eru staðsettar, að það sé stjórnandans að ákveða starfsmannahald og hvaða þjónusta eigi að vera í boði svo eitthvað sé nefnt. Það eru óvissutímar framundan en jafnframt tímar tækifæra. Lögreglan, sýslumenn, ríkislögreglustjóri og dómsmála- og mannréttindaráðuneytið eiga að vinna saman að því að framtíð lögreglunnar sé tryggð og liðseiningar verði færri, öflugri og faglegrí.



Kristín Völundardóttir, lögreglustjóri á Vestfjörðum

## 2. SKIPURIT

Engar breytingar voru gerðar á skipuriti lögreglunnar á árinu 2009<sup>1</sup> en skipuritið tók gildi þann 1. janúar 2007<sup>2</sup>.



<sup>1</sup> Forvarnar- og fræðslufulltrúi var fluttur til í starfi í september 2009, en ekki hefur verið farið fram á það við dómsmálaráðherra að gerð verði breyting á skipuriti, þar sem frekari breytinga er að vænta og vonir standa til að þetta sé tímabundin ráðstöfun.

<sup>2</sup> Skipurit embættisins var samþykkt af dómsmálaráðherra þann 22. desember 2006. Skipuritið tók gildi þann 1. janúar 2007.

### 3. EMBÆTTIÐ

Starfsemi embættisins skiptist í tvennt, löggæsluþátt og umboðsstörf sýslumanns í héraði. Starfsmenn eru nú 34 auk héraðslögreglumanna sem eru búsettir víðsvegar um umdæmið. Tveir starfsmenn sinna umboðsstörfum fyrir Tryggingastofnun, níu starfsmenn sinna öðrum umboðsstörfum, þar af eru tveir löglærðir fulltrúar og sinnir annar þeirra eingöngu löggæslumálum. Stöðugildi lögreglumanna voru 21 en nú eru starfandi 20 lögreglumenn. Á árinu 2008 bættust við þrjú stöðugildi, einn löglærður starfsmaður sem sinnir sérverkefni fyrir dómsmála- og mannréttindaráðuneytið og tveir skrifstofumenn sem starfa í skönnunarmiðstöð sem sér um skönnun þinglýstra skjala fyrir sýslumannsembættin.

Umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum er mjög víðfemt og oft um langan veg að fara í útköll. Þá er langt á milli starfsstöðva og yfir vetrarmánuðina eru stystu vegaleiðir á milli starfsstöðvanna ófærar, þ.a. samskipti verða fyrst og fremst í gegnum Tetra, síma og tölvur. Með batnandi vegakerfi og opnun samgönguæða, mun gjörbreyting verða á samskiptum milli starfsstöðvanna og þeirri þjónustu sem lögreglan býður upp á. Með tilkomu Bolungarvíkurganga verða lokanir á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar að mestu leiti úr sögunni og útkallstíminn styttest því samfara (verklok, júlí 2010). Ný leið um Arnkötludal styttr leiðina milli Hólmavíkur og suðurfjarðanna (Patreksfjörður, Tálknafjörður, Reykhólahreppur) og Ísafjarðar og Reykjavíkur og ljóst að eftir opnun Arnkötludalsveggar á haustmánuðum 2009 hefur starfsumhverfi þeirra lögreglumanna sem starfa á Hólmavík og Patreksfirði breyst í þá veru að vænta má verulegrar aukningar á verkefnum hjá lögreglumönnum á Hólmavík en að sama skapi ætti álag á lögreglumenn á Patreksfirði að minnka. Styttung Djúpvegar 61 (þverun Mjóafjarðar) var lokið í nóvember 2008 en brúin yfir Mjóafjörð var opnuð fyrir umferð í ágúst 2009. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort færa þurfi stöðugildi frá Patreksfirði til Hólmavíkur eftir opnun Arnkötludalsveggar, en gera verður ráð fyrir að slík ákvörðun verði tekin þegar fyrir liggur hvort lögreglulið verði sameinuð og þá liðin á Vesturlandi og Vestfjörðum.

#### 3.1 Stefnunótun og áherslur árið 2009

Lögreglustjóri hefur, með undirritun árangursstjórnunarsamnings við ríkislögreglustjóra sem gildir frá árinu 2007 til ársins 2011, sett fram skýr markmið þar sem jafnframt er tilgreint hvernig þeim skuli náð og hvernig árangur skuli mældur. Óraunhæft er að miða við þá áætlanagerð en í ársáætlun 2009 voru eftirfarandi markmið sett fram:

Starfsemi Helstu markmið og mælikvarðar ársins 2009			
Markmið langtímaáætlunar	Markmið árið 2009 (deilimarkmið)	Árangursmælikvarði	Niðurstaða
Að endurskoða heildarstefnu á sviði starfsmannamála í samstarfi við lögreglumenn.	Drög að endurskoðaðri starfsmannastefnu tilbúin í september 2009. Heildarstefna verði tilbúin í nóvember 2009.	Að búið verður að útfæra endurskoðaða starfsmannastefnu fyrir embættið í lok árs.	Ekki verið framkvæmt þar sem miklar sviptingar voru í rekstri embættisins og ekki talið að fjármagn væri til staðar.
Að manna allar stöður og ráða í þær lögregluskólagengið fólk.	Ekki hafa allar stöður verið mannaðar, þá er 19% starfsmanna enn ófaglært. Hvetja ófaglærða starfsmenn til að hefja nám og laða að faglærða starfsmenn með kynningum á embættinu í LSR og á fleiri stöðum.	Að allar stöður verði mannaðar faglærðu fólki í árslok 2009.	Á árinu 2009 tókst að manna allar stöður faglærðum lögreglumönnum, utan einnar stöðu. Þá voru afleysingamenn hvattir til að fara í LSR en skólinn bauð ekki upp á nám.
Að koma á enn betri samvinnu lögreglu og sveitarfélaga, að samstarfsnefnd verði komið á fót.	Ítreka stofnun sameiginlegrar samstarfsnefndar lögreglu og sveitarfélaga og leggja áherslu á mikilvægi nefndarinnar, sérstaklega á svið forvarna.	Að öll sveitarfélög verði búin að samþykkja skipan slíkrar nefndar fyrir árslok 2009.	Erindi var sent sveitarfélögum en afrakstur enginn. Skilningur er fyrir því að sveitarfélög sem og aðrar stofnanir settu önnur verkefni í forgang, þó hér sé um mikilvægt verkefni að ræða sem náð verður fram þegar efnahagur

			og verksvið á landsvísu skýrast.
Að útbúa handbók með námsefni fyrir forvarnar og fræðslustarf.	Að forvarnarfulltrúi skili lögreglustjóra handbók sem í er að finna stefnu, markmið og kennsluefni forvarna.	Drög liggja fyrir í mars 2009. Að starfsmönnum verði kynnt efnið í maí 2009.	Forvarnar- og fræðslufulltrúi hafði þetta verkefni með höndum. Því var ekki lokið og í september 2009 var staðan tímabundið lögð niður vegna aðhaldsaðgerða.
Að lögreglumenn noti lögreglubifreiðar minna í umferðareftirliti.	Að lögreglumenn sinni mun meira göngueftirliti innan þéttbýlis en verið hefur. Að eftirlit með umferð verði á föstum póstum í stað hreyfanlegs eftirlits.	Kostnaður vegna bifreiða lækki um 2 millj. kr.	Þessu markmiði var náð. Akstur á árinu 2008 var 254.106 km en 188.531 km á árinu 2009. Sparnaður var 3 millj. <sup>3</sup>
Að ársskýrslu embættisins verði lokið í febrúar 2009.	Að ábyrgðaraðilar skili drögum að ársskýrslu í lok janúar 2009 (sjá löggæsluáætlun).	Drög liggja fyrir í lok janúar 2009, skýrsla tilbúin í lok febrúar 2009.	Þessum markmiðum var náð að flestu leiti. Ábyrgir starfsmenn skiluðu á tíma og lögreglustjóri skilaði í apríl eftir að hafa fengið frest.
Að starfsmanna-samtölum verði lokið á fyrsta ársfjórðungi 2009	Starfmannasamtöl fara fram árlega og er þeim ætlað að vera stýritæki embættisins hvað varðar eflingu starfsmanna, ánægju þeirra á vinnustað og væntingar til starfans og næstu yfirmanna.	Að samtölin hefjist í febrúar 2009 og verði lokið í apríl 2009.	Samtölum var lokið innan tilskilins tímaramma.

### 3.2 Starfsmannahald og endurmenntun

Flestir lögreglumenn við embættið hafa starfað í nokkur ár hjá því eða nágrannaembættum. Starfsmannavelta er þó nokkur, en var sérstaklega mikil á árinu 2009, þar sem í ársbyrjun vantaði tvo lögreglumenn og þrjú ófaglærðir afleysingamenn voru ekki endurráðnir þegar faglærðir lögreglumenn sóttu í stöðurnar. Tveir faglærðir lögreglumenn luku störfum en eingöngu var ráðið í aðra stöðuna í sparnaðarskygni (sjá inngangskafli skýrslunnar). Erfiðlega hefur gengið að manna allar stöður undanfarin ár en á skýrsluári breyttist þetta, þ.a. allar stöður voru mannaðar og í árslok var eingöngu einn ófaglærður lögreglumaður að störfum. Embættið hefur ávallt hvatt starfsmenn til endurmenntunar og hefur reynt að fá námskeið heim í hérað, til þess að spara ferðakostnað og fjarvistir. Hefur það gengið ágætlega.

Lögreglumenn sóttu ýmis endurmenntunarnámskeið hjá Lögregluskóla ríkisins. Lögreglumenn í rannsóknardeild sóttu m.a. námskeið í yfirheyrslum og í notkun Indico upptökubúnaðar, lögreglufulltrúi rannsóknardeildar sótti einnig námskeið er varðaði rannsókn mála er lúta að peningaþvætti, en fulltrúinn er sérstakur tengiliður embættisins, forvarnar- og fræðslufulltrúi sótti þrjú námskeið vegna fíkniefnaleitarhunda, varðstjóri sem jafnframt er jafnréttisfulltrúi embættisins sótti námskeið vegna jafnréttismála innan lögreglunnar, þrjú varðstjórar sóttu námskeið vegna AMF forgangsaksturs og tveir varðstjórar luku námskeiði fyrir skotstjóra. Öllum lögreglumönnum var boðið að sitja námskeið um nýju sakamálalögin, um sýnatöku á Evidenzer búnaði, um notkun Glock skammyssa og boðið var upp á ýmsa fræðslu og þjálfun í lögreglutökum, sig í fjöllum og klettum o.fl. Allir lögreglumenn embættisins hafa frían aðgang að líkamsræktarstöð og verður að geta þess að líkamlegt atgervi er gott, enda stóðust allir lögreglumenn embættisins þrekpróf á árinu 2009. Löglærður fulltrúi lögreglustjóra sat námskeið í Evidenzer búnaði og sat námskeið um breytingar á LOKE vegna nýju sakamálalaganna.

<sup>3</sup> Í rekstraráætlun ársins 2009 var gert ráð fyrir að kostnaður vegna reksturs lögreglubifreiða yrði um 25 millj. Þegar ársreikningi var lokað í janúar 2010 var rekstrarkostnaður 18.5 millj. Í byrjun febrúar 2010 fékk embættið bakreikning frá RLS að fjárhæð 3.3 millj. Skýringar liggja ekki fyrir af hverju sá reikningur barst svo seint né forsundur hans. Gert er ráð fyrir greiðslu þess reiknings.

### 3.3 Tækja- og búnaðarmál

Búnaðarmál embættisins eru stöðugt í endurskoðun og reglulega er farið yfir þann búnað sem er til staðar, árlega er kannað hvað skortir eða hvaða nýjungar eru í boði en miklu skiptir að búnaður sé af bestu mögulegu gerð, þar sem öryggi lögreglumannsins veltur á því að búnaðurinn virki sem skyldi. Þegar fjárhagur embættisins leyfir, er gamall búnaður endurnýjaður og nýr búnaður keyptur.

**Kaup embættisins:** Vinnuaðstaða rannsóknardeildar og varðstjóra á Ísafirði breyttist þegar keypt voru ný skrifborð, þá fengu rannsóknardeildin, fulltrúi lögreglustjóra og löglærður fulltrúi nýtt forrit sem er ætlað að vera vinnusparandi og til auðveldunar í rannsókn mála (Mind manager). Þá fengu allir lögreglumenn og löglærður fulltrúi íþróttatöskur merktar lögreglu.

**Gjafir til embættisins:** Embættinu var gefinn skotheldur skjöldur frá ríkislögreglustjóra og þá var embættinu gefinn upptökubúnaður í hljóði frá lögregluskólanum og öndunarsýnamælir. Eiga þessi tvö embætti miklar þakkir skildar fyrir góðan stuðning. Geta verður um að embætti ríkislögreglustjóra hefur tilkynnt að það muni færa embættinu upptökubúnað í hljóði og mynd á árinu 2010 og verður það seint fullþakkað.

### 3.4 Önnur mál

Í ársbyrjun 2007 var ákveðið, með tilliti til þess að auka sýnileika lögreglunnar og gera lögreglumönnum kleift að starfa utan varðstofu, að öll svokölluð „pappírsverkefni“ yrðu færð á starfsfólk sýsluskrifstofunnar á Ísafirði. Þessi ákvörðun fól í sér að eftirfarandi verkefnum er nú sinnt á sýsluskrifstofunni á Ísafirði: Skotvopnaskrá og öll leyfi varðandi sprengiefni, þungaflutninga og tækifærisskemmtanir. Eftir stendur að varðstjórar lögreglu senda út sektarboð, fulltrúi lögreglustjóra sinnir sektargerðum, yfirlögregluþjónn gefur út leyfi fyrir bílastæði fyrir hreyfihamlaða og færsla launa lögreglumanna er í höndum yfirlögregluþjóns.

Hefur þetta reynst ákaflega vel og gert lögreglumönnum kleift að sinna grunnþjónustu mun betur en ella.



## 4. ALMENN DEILD

Í almennri deild lögreglustjórans á Vestfjörðum starfa 16 lögreglumenn sem hafa starfsstöðvar á þrem varðstofum. Verkefni almennu deildar eru margvísleg, allt frá aðstoð við borgarann til rannsókna brota. Almenn deild ber þungann af eftirliti og frumkvæðisvinnu í fjórðungnum.

Eins og þegar hefur komið fram er stefna lögreglustjóra að fullmanna allar stöður menntuðum og hæfum lögreglumönnum. Á síðastliðnu ári hafði embættið að skipa slíkum mannafla. Vel gekk að mann afleysingar ársins, þó þurfti að ráða inn tvo menn sem ekki voru útskrifaðir frá Lögregluskóla ríkisins vegna skorts á útskrifuðum lögreglumönnum.

### 4.1 Almannaþingin

Veðráttta á Vestfjörðum spilar stórt hlutverk á vetrum og eru verkefni á sviði almannaþinganna í forgangi. Tryggja þarf að lögregla sé reiðubúin til að takast á við atburði sem ekki gerast daglega og skiptir þá miklu að menn hafi tilhlýðilega menntun (vettvangsstjóranámskeið) og að haldnar séu skrifborðsæfingar og aðrar æfingar sem ekki eru fjárfrekar eða kalla á mikinn mannskap. Halda átti eina flugslysaæfingu á árinu, en henni var frestað til ársins 2010 vegna óvissu í rekstrarumhverfi embættisins. Nauðsynlegt er að halda æfingar sem þessar reglubundið, en nú eru í umdæminu fjórir flugvellir og tvö stór jarðgöng. Skv. áætlun Flugstoða á að hafa flugslysaæfingar á 4-5 ára fresti og er því fyrirbyggjandi að æfingar eru að jafnaði haldnar árlega í umdæminu. Vegna frestunar æfingar 2009 verða haldnar tvær á árinu 2010.

Lögreglustjóri fer með stjórn almannaþinganna á grundvelli 11. gr. laga nr. 82/2008 um almannaþingir, jafnframt því sem lögreglustjóri á sæti í aðgerðarstjórn á grundvelli 11. gr. sömu laga. Gert er ráð fyrir því í lögum að hlutverk samhæfingarstöðvar í Skógarhlíð verði mun stærra en verið hefur og getur jafnvel komið til þess að samhæfingarstöðin yfirtaki aðgerðir í héraði, telji ríkislögreglustjóri þörf á því.

Um aldamótin voru almannaþingarnefndir á Vestfjörðum sex, en á árinu 2006 samþykkti dómismálaráðherra sameiningu almannaþingarnefnda Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps og tók sú sameining gildi í byrjun árs 2007. Í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum eru í dag fimm almannaþingarnefndir að störfum. Vegna gildistöku laga nr. 82/2008 er ekki þörf á sameiningu nefnda í fjórðungnum og hefur lögreglustjóri því lokið því ferli sem hófst á árinu 2007 og varðaði sameiningu allra nefnda í eina nefnd.

Vegna nýrra laga um almannaþingir sem tóku gildi á árinu 2008 (<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html>) varð formbreyting á skipan almannaþingarnefnda á landinu öllu. Eftir að löggin tóku gildi þann 1. júní 2008, sendi lögreglustjóri öllum sveitarfélögum bréf, þar sem nýmæli laganna voru kynnt og þær form- og efnisbreytingar sem átt höfðu sér stað í umhverfi almannaþinganna. Jafnframt var sveitarfélögum gerð grein fyrir því að breyta yrði skipan þriggja nefnda af fimm.

Eins og flestum er kunnugt um reið yfir heimsbyggðina inflúensufaraldur 2009. Vegna þessa var sett í gang viðbragðsáætlun allra umdæma í samvinnu við ríkislögreglustjóra og sóttvarnarlækni. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum og sóttvarnarlæknir Vestfjarða hafa, allt frá árinu 2007 unnið saman að gerð viðbragðsáætlunar og var þeirri vinnu síðan fram haldið síðastliðið sumar eftir að lögð var fram ný fyrirmynd að viðbragðsáætlun. Í lok júlí 2009 var viðbragðsáætlun fyrir Vestfirði tilbúin og á haustmánuðum var hún virkjuð. Lögreglumenn umdæmisins fengu allir mótrefni gegn faraldrinum (H1N1) í nóvember 2009 og íbúum fjórðungsins bauðst stuttu síðar að fá samskonar mótrefni. Nú mun um helmingur þjóðarinnar hafa fengið mótrefni og telst því ónæmur fyrir flensunni.

Mjög margir fundir voru haldnir vegna faraldursins, t.a.m. voru nokkrir fundir haldnir í Reykjavík. Þegar faraldurinn hófst og allt til þess að honum var talið lokið, voru haldnir vikulegir símafundir með lögreglustjórum og sóttvarnarlæknum. Gafst það fundarform mjög vel og reyndist árangursríkt. Er það mat lögreglustjóra að framkvæmd og skipulag lögreglu og annarra viðbragðsaðila er komu að viðbragðsáætlun vegna inflúensufaraldursins hafi verið til fyrirmyndar.



#### 4.2 Umferðarmál

Umferðarlagabrotum fækkaði um 44,4% milli ára (sjá töflu 5). Skýra má þessa fækkun m.a. til þess að embættið í samvinnu við lögreglumenn hafði strangt eftirlit með „akstri undir áhrifum ávana- og fíkniefna“ (sjá neðanmálgrein nr. 6 á bls. 15). Á árinu 2008 var fjöldi ökumanna sviptur ökuréttinum og náði sviptingartími flestra langt fram á árið 2009. Ekki kom til ítrekunar brota þessara einstaklinga og hafa afskipti lögreglunnar því haft tvímælalaust forvarngildi. Einnig er vert að benda á liðinn „Of hraður akstur – hraðamæling“ í töflu 5 en þar hefur orðið veruleg fækkun á brotum. Ástæða þess er m.a. að rekja til þess að umferðareftirliti á Holtavörðuheidi er ekki lengur sinnt frá varðstöðinni á Hólmavík, heldur eru það embættin á Blönduósi og í Borgarnesi, sem sjá um eftirlitið og þá er ekki annað að sjá en að breytt verklag á hraðaeftirliti lögreglunnar á Vestfjörðum hafi skilað þeim árangri að akstur yfir leyfilegum hámarkshraða hefur stórlega minnkað. Hér er vísað til þess verklags að lögreglubifreiðum er oftast lagt á mismunandi „pósta“ í umdæminu í stað þess að bifreiðarnar séu í stöðugum akstri.

#### 4.3 Eftirlit í umdæminu, frumkvæðisvinna og forvarnir

Stærstur hluti af vinnu lögreglumanna á Vestfjörðum er frumkvæðisvinna. Eftirlit hefur verið með sama sniði og undanfarin ár utan þess sem þegar hefur verið nefnt, þ.e. aukið eftirlit á „póstum“. Bókaðar eftirlitsferðir á árinu eru 2.523 en voru 2.948 á árinu 2008. Þá eru skráð verkefni samtals 6.193. Skráður fjöldi mála er 794 en var 1296 á árinu 2008.

#### 4.4 Samstarf

Góð samvinna er með lögreglunni á Vestfjörðum og embætti ríkislögreglustjóra og samstarf við önnur lögregluembætti er einnig með ágætum, þó það sé ekki í formi daglegra samskipta. Í október s.l. funduðu yfirlögregluþjónar allar embættanna á Vesturlandi og Vestfjörðum og var fundarefnið boðaðar tillögur um sameiningu embættanna og um væntanlegt samstarf ýmissa verkefna á svæðinu. Lögreglustjóri fundaði einnig um sama efni með sérskipaðri nefnd um mögulega sameiningu og þá funduðu allir lögreglustjórar með ríkislögreglustjóra um sama málefni og önnur ótengd. Fundir voru haldnir með öllum sveitarfélögum, almannavarnarnefndum, björgunarsveitum og öðrum viðbragðsaðilum skv. skipuriti almannavarna en fyrirlesarar á þeim fundum voru starfsmenn almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra. Þar var farið yfir skipulag almannavarna, hlutverk allra sveitarfélaga og viðbragðsaðila og farið yfir ákvæði almannavarnarlaga. Þá var þar einnig verið að kynna áhættugreiningu fyrir Vestfirði. Sú vinna er enn í gangi.

#### 4.5 Fangageymslur

Handtökur og vistanir sveiflast mikið til á milli ára. Ekki þarf nema fáa einstaklinga sem eru til vandræða á hverjum tíma og gista oft fangageymslur eða eru handteknir oft á vistunar, til að breyta tölfræðinni umtalsvert. Mikil fækkun er í allri tölfræði á milli ára 2008 og 2009. Taflan skýrir sig sjálf hvað það varðar.

**Tafla 1.** Fjöldi handtaka og vistana árin 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
<b>Handtökur</b>				
Fjöldi handtaka	92	82	135	73
Fjöldi einstaklinga	86	70	99	65
<b>Vistanir</b>				
Fjöldi vistana	55	47	74	39
Fjöldi einstaklinga	50	37	59	37

#### 4.6 Önnur verkefni lögreglu

Þrátt fyrir að ýmis pappírverkefni hafi verið flutt af lögreglu til starfsmanna sýsluskrifstofu, er þó enn nokkur verkefni sem lögreglan sinnir, þó þau geti ekki talist falla undir hefðbundin lögreglustörf. Hér er um að ræða birtingar á ýmsum ákvörðunum, s.s. fyrirköllum frá héraðsdómstólum, ákærum frá lögreglustjórum eða saksóknurum og árituðum sektarboðum, svo eitthvað sé nefnt.

**Tafla 2.** Fjöldi fyrirkalla og annarra verkefna árin 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
Birtingar (ákærum, fyrirköll, dómar, afplánunarbref ofl.)	113	198	248	196
Útsend sektarboð	329	603	634	346
Dómsárituð sektarboð	24	24	41	6
<b>Samtals</b>	<b>466</b>	<b>825</b>	<b>923</b>	<b>548</b>

## 5. RANNSÓKN BROTA-RANNSÓKNARDEILD Á VESTFJÖRÐUM

Í rannsóknardeild lögreglunnar á Vestfjörðum starfa lögreglufulltrúi og rannsóknarlögreglumaður sem sinna þeim verkefnum sem þeim er falin skv. reglugerð nr. 192/2008, auk annarra tilfallandi verkefna skv. ákvörðun lögreglustjóra. Rannsóknardeildin er starfandi á Ísafirði og vegna þessa hefur reynt nokkuð á samstarf og samvinnu deildarinnar við lögreglumenn á starfsstöðvunum á Patreksfirði og á Hólmavík. Það samstarf hefur gengið vel.

Hér á eftir verður gerð í stuttu máli grein fyrir nokkrum brotaflokkum er komu til meðferðar hjá lögreglunni á Vestfjörðum á árinu 2009 og rannsóknardeildinni.

Hegningarlagabrot voru 149 talsins og komu flest þeirra til meðferðar hjá rannsóknardeild. Af 82 sérrefsilagabrotum (utan umferðarlagabrota) sem komu til meðferðar lögreglunnar á Vestfjörðum fóru flest þeirra til meðferðar rannsóknardeildar.

### 5.1 Auðgunarbrot

Auðgunarbrotum fækkaði milli ára, voru 61 árið 2008 en 51 árið 2009. Þess ber að geta að auðgunarbrot voru 27 á árinu 2007. Engar sérstakar skýringar voru á þeirri aukningu utan þess að nokkur ungmenni áttu stóran hlut í fjölda málanna.

### 5.2 Fíkniefnabrot

Sjaldan hefur lögreglan á Vestfjörðum lagt hald á eins lítið magn fíkniefna og á árinu 2009. Lag var hald á 8,55 grömm af fíkniefnum í þeim 18 fíkniefnamálum sem upp komu í umdæminu. Sá frækilegi árangur sem náðist á árinu á undan, þegar lagt var hald á 800 grömm af fíkniefnum, er talinn hafa haft sitt að segja í baráttunni við streymi fíkniefna til umdæmisins, en þá tókst að stöðva fíkniefnadreifingu hjá nokkrum óskyldum aðilum. Markaður fíkniefnaviðskipta í umdæminu er „viðkvæmur“ þ.e.a.s. afskipti lögreglunnar af aðilum tengdum fíkniefnum eru fljót að skila sér og staldra því dreifingaraðilar og neytendur sjaldnast lengi við í slíku umhverfi. Allt að einu þarf lögreglan að halda vöku sinni áfram.

Eins og undanfarin ár var eftirlit með flutningi fíkniefna til Vestfjarða aukið fyrir jól, áramót, páska, verslunarmannahelgi og aðra skipulagða viðburði, s.s. í tengslum við tónlistarhátíðina „Aldrei fór ég suður“ á Ísafirði og sjómanna dagshátíð á Patreksfirði.

### 5.3 Ofbeldisbrot

Ofbeldisbrot, önnur en kynferðisbrot, voru 27 talsins árið 2009. Flest ofbeldisbrotanna komu til meðferðar rannsóknardeildar.

### 5.4 Fjármunabrot

Sjá kaflann um auðgunarbrot, 5.1

### 5.5 Sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir

Ýmis sérrefsilagabrot, slysa- og brunarannsóknir komu til meðferðar rannsóknardeildar, en slíkt mál kalla á umfangsmiklar rannsóknir sem geta verið mjög tímafrekar.

Mannskaði varð í einu slysi sem átti sér stað á sumarmánuðum. Í því tilviki var um að ræða umferðaslys og lést farþegi jeppabifreiðar sem valt út af veginum í Ísafjarðardjúpi.

### 5.6 Sáttamiðlun í opinberum málum

Fjórum málum lauk með sáttamiðlun. Í flestum tilvikum var um að ræða mál er varða 217. gr. almennra hegningarlaga. Einn fjölmennasti sáttafundur landsins var haldinn hjá embættinu. Voru málsaðilar á sáttafundi 15, fyrir utan tvo sáttamenn, þ.e.a.s. starfsmenn rannsóknardeildar.

Mun fleiri málum var beint í farveg sáttamiðlunar en vilji málsaðila stóð ekki til að ljúka málum með þeim hætti og því fóru þau mál í ákærumeðferð. Stefna lögreglustjóra og lögreglumanna í rannsóknardeild er að beina sem flestum málum í farveg sáttamiðlunar þegar skilyrði til þess eru fyrir hendi, en báðir málsaðilar þurfa að samþykka slíkan feril og því eru málin færri en vonir stóðu til.

### **5.7 Aðrar rannsóknir**

Eins og fram kemur í töflu 7.5 hér að neðan voru kynferðisbrot 6 talsins árið 2009. Eitt brotanna varðaði vörslu á ólöglegu myndefni er tengdist börnum.

Svo virðist sem aukning sé á kærur frá einstaklingum sem urðu fyrir kynferðisbrotum á unga aldri, en opnað var fyrir þessar kærur með lagabreytingu sem átti sér stað í mars 2007. Yfirleitt eru rannsóknir á kynferðisbrotum tímafrekar og á það sérstaklega við mál þegar langur tími er liðinn frá því að brot átti sér stað og þar til kæra er lögð fram.

Alls komu 1 mál til meðferðar rannsóknardeildar lögreglunnar á Vestfjörðum er varða ofbeldi gagnvart lögreglumönnum / brot gegn valdsstjórninni.

Eins og fram kemur í kafla 3.2 um starfsmannahald og endurmenntun fóru starfsmenn rannsóknardeildar á námskeið í notkun Indico upptökubúnaðar. Frá marsmánuði og til loka ársins voru um 80 yfirheyrslur framkvæmdar með þeim upptökubúnaði, en hann var fenginn að láni hjá embætti ríkislögreglustjóra. Þessar yfirheyrslur vörðuðu meiri háttar líkamsárásir, kynferðisbrot og önnur alvarleg brot.

## 6. SAKSÓKN MÁLA OG SEKTARGERÐIR

Lögreglustjóri fer með ákærvald samkvæmt 18. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Valdsvið lögreglustjóra er skilgreint í 24. gr. sömu laga, en þar segir: „Lögreglustjórar höfða önnur sakamál en þau sem ríkissaksóknari eða héraðssaksóknari höfðar skv. 2. mgr. 21. gr. og 1. og 2. mgr. 23. gr., sbr. þó 3. mgr. þeirrar greinar.“ Undir ákærvald lögreglustjóra heyra mörg brot gegn almennum hegningarlögum, ýmsum sérrefsilögum, s.s. umferðarlögum, lögum um ávana- og fíkniefni og siglingarlögum, svo eitthvað sé nefnt.

### 6.1 Ákætur, málshraði og meðferð sakamála

Ákætur eru gefnar út í nafni lögreglustjórans á Vestfjörðum í samræmi við ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 66/2006 um stjórnssyluudmæmi sýslumanna og löggluudmæmi lögreglustjóra og annast lögreglustjóri og löglærður fulltrúi hans flutning mála fyrir héraðsdómi.

Við meðferð sakamála fer lögreglustjóri eftir gildandi fyrirmælum ríkissaksóknara.

Málsmeðferðarhraði er almennt góður en ekki hefur tekist í öllum tilvikum að halda málsmeðferðartíma innan ramma fyrirmæla ríkissaksóknara nr. 5/2001. Ýmsar skýringar má finna á því svo sem þann tíma sem tekur að fá útgefið vottorð frá lækni og þann tíma sem brotþola tekur að leggja fram skaðabótakröfu í máli. Lögreglustjórinn á Vestfjörðum hefur það að markmiði að auka skilvirkni í rannsóknum líkamsárásarmála. Á árinu 2009 bar nokkuð á því að ákætur í líkamsárásar málum voru dregnar til baka þar sem að sátt náðist á milli aðila án aðkomu lögreglu. Einnig hefur hin svokallaða sáttameðferð verið notuð af lögreglunni á Vestfjörðum og hefur náðst góður árangur af því að stýra málum í þann farveg. Það skal og nefnt að heimildir lögreglustjóra til þess að bjóða sátt í umferðarlagabrotum voru auknar árið 2009 sem skýrir fækkun ákæra í þeim flokki. Á móti kemur að sektargerðum hefur fjölgað eins og sjá má á töflu 4.

Brot gegn lífi og líkama:	5 ákætur
Brot gegn umferðarlögum:	12 ákætur
Brot gegn lögum um atv.réttindi:	1 ákæra
Brot gegn lögum um fíkniefni:	2 ákætur
Brot gegn alm. hegn. þjófnaður:	1 ákæra
Ýmis önnur brot:	2 ákætur

Tafla 3. Fjöldi ákæra árin 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
Fjöldi brota í ákæru *	76	96	119	43
Fjöldi ákæra**	35	56	44	22

\*Ein ákæra getur falið í sér mörg mismunandi brot. Ekki á að telja slíka ákæru sem eina ákæru heldur á að telja brotin í ákærunni. Ein ákæra með fimm brotum er því talin sem fimm brot ákærð. Setja á fjölda ákærðra brota í töfluna hér að ofan.

\*\*Fjöldi útgefina ákæra án tillits til fjölda brota eða mála.

## 6.2 Sektargerðir

Töluverð fjölgun hefur orðið á sektargerðum. Má það helst rekja til aukinna heimilda lögreglustjóra til að senda út sektargerð í stað þess að ákæra. Við þetta stýttist málsmeðferðartíminn í flestum málum en þó ekki öllum þar sem að sektargerðir eru ekki í öllum tilfellum samþykktar. Þarf þá að fella sektargerð niður og gefa út ákæru. Hlutfall milli útsenda sektargerða og greiddra er um 54% og er það hlutfall í samræmi við landsmeðaltal sem er um 48%.

Tafla 4. Fjöldi útsendra og samþykktra sektargerða árin 2006-2009<sup>4</sup>

	2006 <sup>5</sup>	2007	2008	2009
Útsendar sektargerðir	47	44	22	52
Samþykktar sektargerðir	35	29	17	29

<sup>4</sup> Tölfræðin byggir á úttekt sem miðuð er við fyrsta dag næsta árs, þ.a. þær sektargerðir sem voru samþykktar eftir það tímamark, felast ekki í tölfræðinni.

<sup>5</sup> Tölfræði ársins 2006 er samantekt frá þáverandi lögregluumdæmum, Bolungarvík, Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði.

## 7. YFIRLIT YFIR FJÖLDA BROTA 2006-2009

Hér að neðan má sjá tölfræði ýmsa brotaflokka og hversu mörg brot voru framin í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum.

### 7.1 Umferðarlagabrot

Sömu áherslur voru hafðar að leiðarljósi á árinu og gert var 2008. Lögð var áhersla á eftirlit með meintum ölvunar- og/eða fíkniefnaakstri og hraðakstri. Samdráttur varð í akstri lögreglubifreiða, en meira unnið að eftirliti með því að vera á föstum „póstum“. Voru þau vinnubrögð m.a. höfð til að fá viðmið við fyrri ár þar sem hefðbundið eftirlit snérist um eftirlit í akstri. Útkoman er færri kærð brot, og er sú ályktun dregin af þessu að forvarnargildi fastra pósta sé meira, sem skili sér í færri brotum.. Á árinu 2010 verður unnið með þessar tvær aðferðir og síðan gerður samanburður á afrakstri m.t.t. árunna á undan, þ.e. 2008 og 2009.

Tafla 5. Fjöldi umferðarlagabrota árin 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
<b>Umferðarlagabrot alls</b>	390	788	824	458
Akstur gegn rauðu ljósi	0	0	0	0
Bílbelti ekki notað af ökumanni	21	44	29	21
Of hraður akstur. Hraðamæling	194	441	477	260
Ölvun við akstur	23	34	33	24
Önnur umferðarlagabrot <sup>6</sup>	152	269	285	153

### 7.2 Fjöldi umferðarslysa<sup>7</sup>

Eins og fram hefur komið undir liðnum 5.5 og í töflunni hér að neðan varð eitt banaslys á árinu á Vestfjörðum.

Tafla 6. Fjöldi umferðarslysa\* árin 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
<b>Samtals</b>	15	38	46	37
Banaslys	1	2	1	1
Slys með alvarlegum meiðslum	2	8	6	5
Slys með minniháttar meiðslum	12	27	39	31

<sup>6</sup> Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna er settur hér undir (2007=5, 2008=36, 2009=10)

<sup>7</sup> Þar sem umferðarslys eru að jafnaði fá, getur tölfræðin gefið óeðlilega mynd ef örlitil aukning verður.




### 7.3 Fíkniefnabrot

Sjá kafla 5.2

Tafla 7. Fjöldi fíkniefnabrota árin 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
<b>Fíkniefnabrot alls</b>	29	22	35	18
Varsla, neysla	20	16	15	12
Sala, dreifing	6	2	6	2
Innflutningur	0	2	0	0
Framleiðsla	2	0	0	0
Ýmis fíkniefnabrot	1	2	14	4

Tafla 7.1 Skipting fíkniefnabrota árið 2009



### 7.4 Haldlögð fíkniefni

Sjá kafla 5.2

Tafla 8. Fíkniefni sem lögregla og tollgæsla lögðu hald á í umdæminu 2007-2009

Tegund	Námar	2007			2008			2009		
		Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.	Haldl.	Gr.	Stk.
Kannabis	Hass	15	21,13		22	764,19	2	5	8,38	
Kannabis	Marihúana									
Kannabis	Blandað									
Kannabis	Plöntur									
Ofskynjun	Sveppir				1		1			
Örvandi	E-pillur	1		7	1		44			
Örvandi	Kókaín				1	0,43				

Örvandi	Amfetamín	2	0,03	31	6	33,47		1	0,17	
Ripp fuel/	Efedrín töflur									
Óþekkt	Óskilgreint				7	13,88	364			
<b>Samtals</b>		18	21,16	38	38	811,97	411	6	8,55	


## 7.5 Önnur brot

Ýmis önnur brot voru til meðferðar lögreglu á árinu og má sjá skiptingu þeirra helstu í töflu 9.

Tafla 9. Fjöldi einstakra brota árin 2006-2009

	2006	2007	2008	2009
<b>Kynferðisbrot alls</b>	4	10	6	6
Par af:				
Nauðgun (194)	1	1	2	1
Misneyting (196, 197, 198.1)	0	1	0	0
Sifjaspell (200.1, 200.2, 200.3)	0	1	0	0
Kynferðisbrot gagnvart börnum (201.1, 201.2, 202.1, 202.2, 202.3)	1	0	3	3
Prentun, útbreiðsla eða varsla kláms (210.1, 210.2, 210.3, 210.4)	1	4	0	1
<b>Ofbeldisbrot alls</b>	23	19	29	27
Par af:				
Manndráp (211)	0	0	0	0
Manndráp, tilraun (211, sbr. 20 gr.)	0	1	0	0
Líkamsárás (217)	20	14	22	20
Líkamsárás, líkamsm. minni (218.1)	2	1	3	2
Líkamsárás, líkamsm. meiri (218.2)	1	2	4	4
<b>Auðgunarbrot alls</b>	22	27	61	51
Par af:				
Þjófnaður Innbrot	4	8	21	10
Þjófnaður annað (244)	13	19	32	34
Rán (252)	0	0	0	0
<b>Eignaspjöll (257.1, 257.2)</b>	39	52	43	39

Tafla 9.1 Yfirlit yfir helstu brot í umdæminu 2009



## **8. SÉRSTÖK VERKEFNI - FORVARNIR OG FRÆÐSLA**

Í umdæmi lögreglunnar á Vestfjörðum eru 14 grunnskólar staðsettir víðsvegar í þéttbýliskjörnum, auk framhaldsdeildar sem staðsett er á Patreksfirði. Jafnframt eru starfræktir 15 leikskólar í sömu þéttbýliskjörnum og þá er menntaskóli á Ísafirði.

Eins og lagt var upp með á síðasta ári var kennsluefni í forvörnum samræmt og það kennt með sama hætti í öllum leik- og grunnskólum á svæðinu. Samkvæmt áætlun var farið með eftirfarandi námsefni í grunnskólana: umferðarfræðslu fyrir nemendur 1-3 bekkjar og að hluta til 7. bekkjar, valáfanga í umferðarfræði í 10. bekk, efni er varða verkefni lögreglu og tilgang laga í samfélaginu fyrir 4-5 bekk og nemendum 7. bekkjar var kynnt málefni er varða sakhæfi og sakavottorð. Unnið var nýtt efni fyrir elstu bekki grunnskólans er varðar afbrot sem tengjast síma og tölvunotkun. Þetta efni var flutt fyrir alla á unglingsstigi á Vestfjörðum á fyrripart ársins. Þá stóð einnig til að fíkniefnaforvörnum yrði sinnt í þessum árgöngum á unglingsstigi.

Talsverð aukning var á því að unglingar sem voru að klára grunnskóla vorið 2009 óskuðu eftir því að koma í starfskynningu til lögreglunnar. Forvarnarfulltrúi tók á móti þessum nemum frá Ísafirði, Þingeyri og Bolungarvík og kynnti þeim starfsemi lögreglunnar. Ekki komu slíkar óskir frá öðrum stöðum fyrir utan Patreksfjörð en lögreglumenn þar sáu um móttöku.

Eitt af verkefnum forvarnarfulltrúa á árinu 2009 varð að vinna með fíkniefnaleitarhundinn Dollar og fór talsverður tími í þjálfun hundsins og verkefni sem tengjast fíkniefnaleit.

Eins og fram kemur í upphafskafli skýrslunnar, var tekin ákvörðun um að færa forvarnar- og fræðslufulltrúa í stöðu varðstjóra í september 2009 og var því ekki boðið upp á forvarnarfræðslu á haustmánuðum.

### **8.1 Umferðarfræðsla**

Námskeiðið „Ungir vegfarendur“ var haldið fyrir leikskólabörn á Ísafirði og í Bolungarvík en ekki gafst færi á að koma þeirri fræðslu að víðar. Umferðarfræðsla fyrir 1-3, 7. og 10. bekk grunnskólans var með sama sniði og árið áður, en farið var með slíka fyrirlestra í alla grunnskóla á Vestfjörðum. Eins og undanfarin ár var lögreglan með forvarnarfyrirlestur í Ökuskólanum, námskeið Ö-2, sem haldið er á Ísafirði. Forvarnarfulltrúi hélt tvo slíka fyrirlestra á vorönn.

### **8.2 Fíkniefnaforvarnir**

Mörg undanfarin ár hefur Vávest hópurinn á norðanverðum Vestfjörðum fengið fyrirlestur Marita fræðslunnar fyrir 7-10 bekk varðandi fíkniefnaforvarnir með þátttöku lögreglunnar. Ekkert varð af þessu árið 2009 vegna annarra áherslna hjá Vávest. Til stóð að forvarnarfulltrúi kynnti þetta efni fyrir unglingsstiginu á haustönn en eins og fyrr greinir varð ekki af því.

### **8.3 Aðrar forvarnir**

Eins og áður var eftirfarandi efni kynnt í grunnskólum. Í 4-6 bekk er farið yfir varnir gegn þjófnaði og einnig flutt erindi um verkefni lögreglunnar og tilgang laga í samfélaginu. Nemendur 7. bekkjar fengu fræðslu um sakavottorð og vinnslu sakamála þar sem unglingar koma við sögu.

Á fyrstu mánuðum ársins var útbúið efni sem lítur að aðkomu unglinga að síma- og tölvunotkun og afbrotum sem slíku geta tengst. Á vorönn 2009 var farið í alla bekki á unglingsstigi á Vestfjörðum, 8. til 10. bekk og fjallað um þennan málaflokk.

### **8.4 Fíkniefnaleitarhundur**

Við embættið starfar fíkniefnaleitarhundurinn Dollar. Þjálfari hans er fyrrverandi forvarnar- og fræðslufulltrúi, nú varðstjóri. Á árinu fór talsverður tími í þjálfun hundsins og verkefni sem tengjast fíkniefnaleit.

Hundurinn var notaður til reglulegs eftirlits á pósthúsum, flutningafyrirtækjum og á flugvöllum. Þá var hundurinn notaður við leitir sem tengdust ákveðnum lögreglumálum og við eftirlit á stærri mannátum í umdæminu. Frá septembermánuði urðu breytingar á vinnutíma og verkefnum hundapjálfarans og þá um leið urðu breytingar á starfstíma hundateymisins.

## 9. REKSTUR

Hér að neðan er samanburður á raunútgjöldum ársins 2008 og 2009. Á árinu 2009 voru launaútgjöld dregin saman og þá var dregið verulega úr framlögum til reksturs lögreglubifreiða. Í september 2009 losnaði staða lögreglumanns og var ekki ráðið í hana. Vegna endurskipulagningar löggæslunnar á grundvelli verulegs niðurskurðar var tekin sú ákvörðun að leggja niður þjónustu er snéri að forvörn- og fræðslu frá september 2009, a.m.k. á meðan fjármagn er ekki til staðar. Af þessum sökum sparaðist verulegur launakostnaður þar sem staða varðstjóra losnaði á sama tíma og forvarnar- og fræðslufulltrúi var færður í þá stöðu. Ákvörðun þessi var þung en byggði fyrst og fremst á því að forvarnir og fræðsla falla ekki undir skilgreiningu á því hvað sé grunnþjónusta lögreglu, og við ákvörðun á því, hvar væri hægt að skera niður, hlaut embættið að horfa fyrst og fremst til þess, hver grunnþjónustan er og tryggja að henni yrði sinnt með sem eðlilegustum hætti og án þess að borgarinn yrði þess sérstaklega var að samdráttur er í rekstri lögreglunnar sem og annarra ríkisstofnana.

Lögreglumenn hafa tekið virkan þátt í aðhaldsaðgerðum embættisins, t.a.m. hafa verið sett takmörk á heimild lögreglumanna til eftirvinnu og lögreglustjóri, yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn hafa öll tekið á sig launaskerðingu (heimild lögreglumanna til eftirvinnu var skert um 5 tíma hvern mánuð á árinu 2009 og verður svo áfram, fastlaunasamningar voru endurskoðaðir þ.a. eftirvinna var lækkuð um 5 tíma hjá hverjum starfsmanni og lögreglustjóri, yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn sömdu um sambærilega launaskerðingu, þ.e. 5 tíma).

Þegar þessi skýrsla er rituð hefur embættinu verið gert að draga saman útgjöld um 7,0% vegna ársins 2010. Því markmiði verður náð án þess að til komi frekari breytingar á rekstrinum en þegar hefur verið getið um. Lögreglustjóri óttast að gerð verði krafa um enn frekari niðurskurð á árinu 2011, en slík ákvörðun mun leiða til uppsagna einhverra starfsmanna, breytinga á vaktafyrirkomulagi og bakvöktum og þá um leið skerða þá grunnþjónustu sem lögreglu ber að sinna.

Það er trú lögreglustjóra að þrátt fyrir þann samdrátt sem hér hefur verið nefndur, verði rekstur embættisins á árinu 2010 innan fjárheimilda, en það byggir fyrst og fremst á góðri skipulagningu, útsjónarsemi og þátttöku lögreglumanna, sem hafa sýnt á árinu 2009 að löggæslan getur verið með ágætum, þrátt fyrir ofangreindar aðhaldsaðgerðir. Eiga lögreglumenn á Vestfjörðum þakkir skyldar fyrir vel unnin störf og þátttöku þeirra í að halda embættinu innan fjárheimilda á árinu 2009.

Tafla 10. Skipting helstu rekstrarliða eftir útgjaldaflokkum (þús.kr. á verðlagi hvors árs) 2008 og 2009

		2008	2009	Breyting %
<b>Tekjur</b>				
	Sértekjur	-2.623.472	-994.003	-62,11
	Áfengisgjald			
<b>Gjöld</b>				
<b>Laun</b>				
	Dagvinna	70.249.751	76.517.984	8,92
	Vaktaálag	30.397.804	30.500.294	0,34
	Aukagreiðslur	8.480.281	6.715.391	-20,81
	Yfirvinna	32.260.042	30.233.980	-6,29
	Launatengd gjöld	28.442.096	30.952.326	8,82
		169.665.393	174.919.975	3,09
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>				
	Ferðir og fundir	2.024.091	1.318.865	-34,84
	Rekstrarvörur	8.497.381	6.204.275	-26,99
	Aðkeypt þjónusta	8.196.310	7.425.911	-9,39
	Húsnæði	11.299.448	14.765.665	-30,67
	Bifreiðar og vélar	22.561.285	21.504.791 <sup>8</sup>	-0,05
	Afskrift krafna o.fl.	0		
	Eignakaup	1.360.408	675.688	-50,33
	Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag	221.082.193	225.821.167	2,14
	Ríkisframlag	221.620.000	227.100.000	2,47
	Gjöld umfram tekjur	(537.807)	1.278.833	
<b>EIGIÐ FÉ</b>				

<sup>8</sup> Um miðjan janúar s.l. voru raunútgjöld vegna bifreiða og véla kr. 18.409.483. Í byrjun febrúar s.l. kom bakreikningur frá embætti RLS vegna þriggja bifreiða, að fjárhæð kr. 3.095.308. Sú fjárhæð gæti lækkað.